



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts

Samkenntsla á grunnstigi píanónáms

Viðhorf píanókennara á vettvangi

Guðný Charlotta Harðardóttir

Lokaritgerð til B.Mus.Ed-prófs

Listaháskóli Íslands

Tónlistardeild

Desember 2019

Samkenndsla á grunnstigi píánónáms:

Viðhorf píánókennara á vettvangi

Guðný Charlotta Harðardóttir

Lokaritgerð til B.Mus.Ed.-prófs í hljóðfærakennslu

Leiðbeinandi: Laufey Kristinsdóttir

Hljóðfærakennsla

Tónlistardeild

Desember 2019

Ritgerð þessi er 6 eininga lokaritgerð til B.Mus.Ed.-prófs í hljóðfærakennslu. Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Útdráttur

Hljóðfærakennsla hefur tekið á sig margar myndir í gegnum aldirnar. Kennslan einkenndist af einkakennslu framan af. Það var ekki fyrr en við upphaf 19.aldar að fyrsta hópkennslukerfið var stofnað á Írlandi. Kerfið hafði þann tilgang að koma fleirum nemendum að auk þess sem fjárhagslegur ágóði lá að baki.

Fyrsti tónlistarskólinn á Íslandi sem enn er starfandi var stofnaður árið 1930, Tónlistarskólinn í Reykjavík. Við hann var sett á laggirnar tónlistarkennaradeild árið 1961 sem var lögð niður árið 2001. Árið 2013 var hljóðfærakennsludeild stofnuð í Listaháskóla Íslands. Umgjörð tónlistarkennslunnar hefur verið mótuð með námskrá sem tónlistarskólar starfa eftir. Á Íslandi var gefin út Aðalnámskrá tónlistarskólanna árið 2000 og síðar hljóðfæranámskrár.

Við undirbúning ritgerðar var gerð könnun á viðhorfi starfandi píanókennara til samkennslu á grunnstigi píanónáms. Stuðst var við aðferðafræði eigindlegra rannsókna þar sem spurningalisti var saminn. Alltaf var stuðst við sama spurningalistann. Viðtöl voru tekin við fjóra einstaklinga sem eiga það sameiginlegt að hafa verið starfandi píanókennarar á Reykjavíkursvæðinu. Einstaklingsviðtölin voru hljóðrituð og nafnleyndar gætt. Lengst af hafa þrír af þessum fjórum píanókennurum kennt í einkatímum en aðeins einn þeirra hefur aðallega kennt samkennslu. Þessir þrír sem hafa notast við einkakennsluformið hafa þó einhvern tímann á þeirra kennsluferli kynnst samkennsluforminu en sá reynslutími var aðeins eitt ár.

Úr viðtölunum komu fram nokkur lykilhugtök: félagslegt gildi, faglegar forsendur, virk hlustun og viðhorf gagnvart samkennslu. Undirhugtök voru samkeppni nemenda, hagsmunir kennslunnar, sparnaðarúrræði tónlistarskóla og að samkennsla aftengdi ríkjandi venjur.

Efnisyfirlit

Inngangur	1
I. Sögulegur bakgrunnur píanónáms.....	3
1.1 Hópkennsla á píanó	4
1.2 Hljóðfærakennsla og kennaramenntun á Íslandi	5
II. Kennslufræðilegt umhverfi.....	7
2.1 Aðalnámskrá tónlistarskólanna.....	7
2.2 Nemendamiðað nám	8
2.3. Samvinnunám.....	9
III. Samkennsla á píanó	11
3.1 Hlutverk og áskoranir hljóðfærakennara	11
3.2 Fjölbreytt kennslufyrirkomulag.....	12
IV. Könnun á viðhorfi píanókennara á Íslandi.....	14
4.1 Ríkandi hefðir og viðhorf.....	14
4.2 Faglegur ávinningur samkennslu	15
4.3 Áskoranir samkennslunnar	16
4.4 Samantekt	18
Lokaorð	20
Heimildaskrá.....	22
Viðauki 1.....	24
Viðauki 2.....	25

Inngangur

Tónlistariðkun er ævaforin iðja og á kennsla hennar langa sögu. Áhrif tónlistarinnar bárust með tónlistarflutningi en einnig í gegnum kennslu. Fyrir 19.öldina fór hljóðfæranám yfirleitt fram innan fjölskyldunnar en við upphaf 19.aldar varð algengara að viðkomandi sækti einkatíma til faglærðs tónlistarmanns þar sem farið var yfir viðfangsefni hljóðfærisins. Áhugavert er að velta fyrir sér hvernig það kom til að einkakennslan verður ríkjandi form hljóðfæranáms.

Sjálf hef ég notið tónlistarmenntunar frá 5 ára aldri. Ég fékk tækifæri til að læra á nokkur mismunandi hljóðfæri t.d. blokkflautu, píanó, trompet og klarínnett. Þó svo að þessi hljóðfæri séu öll ólík þá fór hljóðfærakennslan alltaf fram í einkatímum. Þegar ég var í blokkflaututímum 5 ára var kennslufyrirkomulagið öðruvísi. Ég og annar nemandi vorum saman í hálf tíma löngum blokkflaututíma, tvisvar í viku. Þegar ég færði mig yfir á píanóið fékk ég einungis einkatíma með kennaranum. Eftir það var ég ein í öllum hljóðfæratímum sem ég sótti. Þegar leið á tónlistarnámið og ég skipti um tónlistarskóla fékk ég að kynnast hóptímum. Þar spiluðu ég og aðrir nemendur sem voru hjá sama kennaranum fyrir hvert annað. Þar fór fram ákveðið jafningjamat. Það var ekki fyrr en ég fór í æfingakennslu á vegum Listaháskóla Íslands í Tónskóla Sigursveins að ég sá aftur að tveir og tveir nemendur voru saman í tíma. Sú uppgötvun var merkileg fyrir mig. Ég hélt að það tíðkaðist einungis fyrir unga blokkflautu byrjendur að tveir nemendur skyldu sitja saman í hljóðfærakennslu. Í æfingakennslunni fékk ég að takast á við það verkefni að kenna tveimur byrjendum á píanó, líkt og ég væri að kenna í einkatíma.

Það hefur tíðkast í gegnum árin að nemendur sem hafa haft áhuga á tónlistariðkun sækja einkatíma hjá viðeigandi hljóðfærakennara. Tímarnir geta tekið allt að 30 mínútum upp í rúmlega klukkutíma, fer eftir ákvörðun nemandans hvort hann sé í heilu eða hálfu námi og/eða fyrirkomulagi tónlistarskólans. Kennslustundin fer fram í stofu þar sem kennarinn hefur aðstöðu til að kenna hverjum og einum nemanda fyrir sig. Til þess að brjóta upp einstaklingstímana hafa kennarar brugðið á það ráð að safna nemendum saman og haldið hóptíma. Markmið hóptímans geta verið fjölmörg.

En af hverju að gera alltaf ráð fyrir því að kenna einum einstaklingi í einu? Mikil ásókn er í tónlistarnám í dag og langir biðlistar hjá flestum tónlistarskólum á höfuðborgarsvæðinu.

Með samkennslunni væri hægt að kenna tveimur grunnnámsnemendum á sama tíma. Það þyrfti vissulega að vanda vel þegar kemur að því að para nemendur saman. Það er þó ekki hægt að gera ráð fyrir að samkennsla henti öllum og því þyrfti að vera sveigjanleiki í kerfinu.

Í þessari lokaritgerð til B.Mus.Ed. prófs mun ég taka fyrir viðhorf píanókennara til samkennslu og fjalla um niðurstöður úr könnun sem gerð var tengd þessari ritgerð. Einnig verður fjallað um umhverfi píanókennslunnar og þróun hennar. Ritgerðarspurning þessarar lokaritgerðar er „Hvert er viðhorf píanókennara til samkennslu?“

I. Sögulegur bakgrunnur píanónáms

Tónlist er nátengd mannum og hefur tónlistarþekking og hljóðfærafærni gengið manni fram af manni í margar aldir. Þróun hljómborðskennslunnar (e. keyboard instruction) hefur haldist í hendur við þróun vestræns samfélags undanfarnar aldir. Fyrir 19.öldina fór hljómborðskennsla, sem og önnur hljóðfærakennsla, fram innan fjölskyldunnar í einkatímum. Slíkt kennsluform er og var algengasta form hljóðfærakennslunnar. Þekkt dæmi um hljóðfærakennslu innan fjölskyldunnar, er fjölskylda Johann Sebastian Bach. Meðlimir þeirrar fjölskyldu voru nær allir starfandi tónlistarmenn og var mikill metnaður lagður í að bera þá þekkingu á milli kynslóða. Þeir sem voru hátt settir í þjóðfélaginu áttu möguleika á að fá einkakennslu hjá fagaðila ásamt þeim sem sýndu fram á mikla hljóðfærafærni. Á þessum tíma fór kennslan fram í heimahúsum. Kröfurnar voru slíkar að hljómborðsleikarinn átti að geta tileinkað sér kunnáttu á ýmsum hljómborðshljóðfærum þess tíma, geta flutt tónverk byggð á spuna, leikið með öðrum hljóðfærum eftir tölusetnum bassa og jafnvel stjórnað hljómsveit eða kór.¹

Snemma á 19.öld myndaðist ný millistétt sem gerði það að verkum að fleiri höfðu aðgang að hljómborðinu. Hljóðfæraframleiðsla jókst og hljómborðsnám varð ekki bara faglegt heldur einnig sem áhugamál. Í ljósi aukins áhuga brugðu framleiðendur hljómborðsins á þann leik að gefa út kennslufni, sem fylgdi seldum hljómborðum, svo að almenningur gæti kynnst hljómborðsleik. Kennslufnið átti að hvetja almenning til að fjárfesta í sjálfu hljómborðinu. Eftir því sem leið á 19.öldina og við upphaf 20.aldar varð hljómborðstæknin önnur. Ásláttur varð þyngri, hljómborðið og hljóðfærið stækkaði og hljómurinn varð meiri, sem bauð upp á fleiri möguleika varðandi tónsmíðar og tóngæði.

Lengi hafði verið notast við einkatíma þar sem kennari og nemandi eyddu tíma saman til að fara yfir viðfangsefni hljómborðsins. Í einkatímanum fór fram yfirferð á tækni og námi sem var betrum bætt af kennaranum. Sumir kennarar vildu síður að nemandinn æfði sig sjálfur, án eftirlits kennarans, því það gæti ruglað ákveðin atriði sem kennarinn hafði nú þegar hjálpað nemandanum að laga. Orðasambandið „að æfa sig heima“ var því ekki það sama og við notum og skiljum í dag.

¹ Chiu, Pai-Yu, „A Comparative Evaluation of Group and Private Piano Instruction on the Musical Achievements of Young Beginners“ (doktorsritgerð, University of Washington, 2017) 1, sótt 30.september 2019. <https://pdfs.semanticscholar.org/4782/131985cf7832320857b1c391edc974c263c7.pdf>.

1.1 Hópkennsla á píanó

Í gegnum alla 19.öldina jókst áhuginn fyrir píanóinu. Vinsældirnar urðu jafnvel það miklar að kennarar fóru að bjóða upp á hópkennslu til að koma fleirum að. Bæði sem mótframlag vegna eftirspurnar en einnig til að hækka laun píanókennara. Fyrsta og best þekktá hópkennslukerfið var stofnað af Þjóðverjanum Johanní Bernhard Logier árið 1815 í Dublin, Írlandi.² Hann kenndi heilum bekk saman. Þeir sem sátu þessa hóptíma meðal annarra voru píanókennarar frá Ameríku ásamt kennurum frá Evrópu³. Þrátt fyrir jákvæðar niðurstöður úr rannsóknum sem gerðar voru, var ástæða Logier fyrir hópkennslustarfinu einungis efnahagsleg. Vinsældir kerfis Logier dofnuðu þó fljótt og var hætt að nota það kerfi árið 1822. Þetta urðu þó ekki endalokin fyrir fylgismenn hópkennslunnar, heldur notuðu virtir píanistar á borð við Clöru Schumann, Franz Liszt og Felix Mendelsohn hópkennsluformið samhliða einkakennslu. Clara Schumann kenndi þremur nemendum í einu, tvisvar sinnum í viku og lagði áherslu á að þeir myndu læra hver af öðrum. Franz Liszt nýtti hópkennslu síðustu 20 æviárin með því að kenna masterklassa, sem yfirleitt voru lengri en tvær klukkustundir, þrisvar til fjórum sinnum í viku. Felix Mendelssohn kenndi þremur til sex nemendum í einu. Þannig gátu nemendur lært af jafningjum sínum ásamt því að tímakaup kennarans hækkaði.

Bandaríkjamenn tóku ekki vel í hópkennsluna í fyrstu. Árið 1860 var ritstjóra tímaritsins *The Etude* send grein frá hópi píanókennara í Holly Springs Mississippi, sem voru sterklega á móti þessu „nýja kerfi“ (að kenna í hóp) sem tónlistarkennarar voru að þreifa sig áfram með. Constantine Sternber eigandi einkarekins tónlistarskóla í Fíladelfíu skrifaði tvær greinar um kosti hópkennslunnar og hvernig hún örvaði áhuga meðal nemendanna. Árið 1896 krafðist einkakennarinn Hella Prince Stockey þess að nýir nemendur myndu eyða tíu vikum þar sem kennd yrðu grunnatriði píanósins í hóptíma áður en nemandinn fengi einkatíma. Þannig héldu hugmyndir áfram að þróast. Í lok 19.aldar virtist sem kennarar yrðu opnari fyrir hópkennslunni og var því farið að bjóða upp á slíka kennslu í einkareknum tónlistarskólum í Bandaríkjunum. Calvin Bernard Cady, prófessor við Michigan háskólann var einn af fyrstu talsmönnum hópkennslunnar, oft nefndur faðir hennar í Bandaríkjunum. Cady taldi að nemendur gætu lært hver af öðrum með því að taka þátt í því sem hinn nemandinn væri að

² Chiu, Pai-Yu, „A Comparative Evaluation of Group and Private Piano Instruction on the Musical Achievements of Young Beginners,“ 1-3.

³ Fisher, Christopher, „Group Piano Teaching: An Introduction,“ í *Teaching piano in groups* (New York: Oxford University press, 2010), 3.

gera og einnig að sitja og hlusta á samnemandann (virk hlustun). Jafningjamat og keppnisskap voru kostirnir sem urðu einkakennslunni ofar. Lof Cady á hópkenndlunni dreifðist sem orsakaði það að fleiri tileinkuðu sér hópkenndluformið.⁴ Árið 1889 var hópkenndla sem ein af kenndluaðferðum samþykkt af bandaríska menntamálaráðuneytinu. Í kjölfarið urðu Bandaríkin fremst í flokki hvað varðar alla framleiðslu á píanóum. Ekki leið á löngu þar til þúsundir heimila í Bandaríkjunum voru komin með sitt eigið píanó. Vegna þessarar hröðu þróunar fóru almenningskólar að bjóða upp á píanókenndlu fyrir heila bekki, til að koma til móts við einkakennsluna, sem var fyrir marga of dýr.⁵Eins og kerfi Logier, sem reis og féll, urðu hóptímarnir ríkjandi í Bandaríkjunum um nokkurt skeið en fóru svo dvínandi eftir árið 1930. Seinni heimsstyrjöldin og Kreppan mikla (e.Great Depression) áttu stóran þátt í þeirri þróun. Hópkenndla, bæði fyrir píanó sem og önnur hljóðfæri, varð algengari bæði í Evrópu og Bandaríkjunum um aldamót 20.aldar.⁶ Raddir gagnrýnenda á hópkenndlu á píanó voru þó áberandi. Þær raddir héldu því fram að með hópkenndlu væri ekki hægt að koma í veg fyrir að annar nemandinn fengi meiri athygli heldur en hinn.⁷

Það kom mörgum á óvart árið 2000 þegar OFSTED (Office for Standard in Education, Children Service and Skills, í Bretlandi) setti fram niðurstöður sínar á samanburði á einkakennslu og hópkenndlu á hljóðfæri í grunnskólum Bretlands. Niðurstöður sýndu að gæðin voru yfirleitt meiri í hópkenndlu þar sem jafningjanám fór frekar fram.⁸

1.2 Hljóðfærakennsla og kennaramenntun á Íslandi

Árið 1911 var stofnaður fyrsti tónlistarskólinn á Íslandi og var hann staðsettur á Ísafirði. Sú stofnun starfaði þó eingöngu til ársins 1918. Nokkrum árum seinna var Tónlistarskólinn í Reykjavík (sem nú heitir Menntaskólinn í tónlist) stofnaður og hefur hann starfað óslitið síðan 1930. Lög voru sett árið 1963 þess efnis að ríkið tæki þátt í 1/3 af launakostnaði tónlistarskólanna. Í kjölfar þessara laga fjölgaði tónlistarskólum og voru orðnir 26 nokkrum

⁴ Chiu, Pai-Yu, „A Comparative Evaluation of Group and Private Piano Instruction on the Musical Achievements of Young Beginners,“ 4-5.

⁵ Fisher, Christopher, „Group Piano Teaching: An introduction,“ 3.

⁶ Chiu, Pai-Yu, „A Comparative Evaluation of Group and Private Piano Instruction on the Musical Achievements of Young Beginners,“ 5.

⁷ Chiu, Pai-Yu, „A Comparative Evaluation of Group and Private Piano Instruction on the Musical Achievements of Young Beginners,“ 30.

⁸ Mills, Janet, *Instrumental Teaching* (Oxford: Oxford University Press, 2007), 191.

árum seinna. Hlutfall framlag ríkisins breyttist og fór úr þriðjungi í helming af fjárframlagi til launakostnaðar. Loks tóku sveitarfélögin alfarið við rekstri tónlistarskólanna árið 1990.⁹

Fyrsta tónlistarkennaradeildin var stofnuð árið 1961 í Tónlistarskólanum í Reykjavík. Síðar voru stofnaðar svipaðar deildir í Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar, Tónlistarskóla FÍH og við Söngskólann í Reykjavík. Þessar deildir voru lagðar niður að mestu leyti með tilkomu tónlistardeild Listaháskóla Íslands árið 2001. Almenn hljóðfærakennsludeild var stofnuð á ný árið 2013. Sú deild er starfandi innan tónlistardeildar Listaháskóla Íslands. Af þessu má sjá að tónlistarkennaranám lagðist niður að stórum hluta í kringum aldamótin til ársins 2013. Ekki eru til nákvæmar upplýsingar sem segja hversu margir tónlistarkennarar útskrifuðust með kennarapróf, því stór hluti starfandi kennara hafa lokið framhaldsnámi erlendis. Bakgrunnur og nám er því ekki eins meðal kennara innan tónlistarstéttarinnar.¹⁰ Um 56% starfandi tónlistarkennarar og stjórnendur hafa lokið kennaramenntun, og hefur sú prósentu hækkað um þrjú prósentustig frá árinu 2003. Þó svo að fjölgun hafi verið innan tónlistarkennarastéttarinnar, sem nemur um 20%, þá skila nýútskrifaðir tónlistarkennarar sér illa til tónlistarkennslu. Meðalaldur tónlistarkennara og stjórnenda fer hækkandi. Því er fjölgun innan stéttarinnar nauðsynleg.¹¹

⁹ Eiríkur G. Stephensen, „Tónlistarkennsla á 21.öld; Hvernig hafa kennarar breytt starfsháttum sínum á nýjum tímum?“ (meistararitgerð, Háskólinn á Bifröst, 2016), 24, sótt 2. desember 2019, <http://hdl.handle.net/1946/26779>.

¹⁰ Eiríkur G. Stephensen, „Tónlistarkennsla á 21.öld; Hvernig hafa kennarar breytt starfsháttum sínum á nýjum tímum?“, 29.

¹¹ Félag tónlistarkennara, „Greining Félags tónlistarskólakennara á kerfi tónlistarskóla á Íslandi“ (óútgefin skýrsla, 2009), Microsoft Word-skrá, 27-28.

II. Kennslufræðilegt umhverfi

Tónlistarskólar starfa yfirleitt eftir ákveðinni námskrá sem kveða á um það hvernig móta skal tónlistarnám. Námskrár eru mismunandi eftir löndum og svæðum. Á Íslandi hefur verið ein aðalnámskrá verið gefin út sem fjallar á opinn hátt um markmið og viðfangsefni hljóðfæranáms sem og kennsluhætti svo eitthvað sé nefnt. Í þessum kafla verður fjallað um námskrá tónlistarskólanna ásamt því að skoða kennslu- og matsaðferðir í námi.

2.1 Aðalnámskrá tónlistarskólanna

Árið 2000 kom út Aðalnámskrá tónlistarskólanna sem var samþykkt og gefin út af Menntamálaráðuneyti Íslands. Í þeirri námskrá kemur fram hver meginmarkmið tónlistarskóla skulu vera. Stuðla eigi að öflugtu tónlistarlífi í landinu, taka tillit til mismunandi áhugasviða nemenda, getu, skilnings, hæfni og þekkingu þannig að tónlistarskólarnir þjóni öllum þeim sem sækjast eftir tónlistarnámi. „Kennsluaðferðir og viðfangsefni skulu vera fjölbreytt og sveigjanleg“¹². Tekið er sérstaklega fram að kennsla skuli vera fjölbreytt og að markmið hennar sé t.d. að nemandinn vinni saman með öðrum nemendum í hópstarfi og sé einnig leiðandi í slíku starfi. Slíkt er hægt að þjálfá í hóptímum en ekki eru allir tónlistarskólar sem bjóða upp á þann valkost. Einnig er talað um að þátttaka í samsöngi og samleik sé lærdómsríkt og að það sé mikilvægt að flestir nemendur taki þátt í slíku.¹³ Ásamt aðalnámskránni hafa verið gefnar út 11 hljóðfæranámskrár samkvæmt upplýsingum af vefsíðu Stjórnarráðs Íslands. Námskrá fyrir hljómborðhljóðfæri kom út árið 2002 en sú síðasta, sem fjallar um „Rytmíska tónlistar“, kom út árið 2010.¹⁴

Í rannsóknarskýrslu Anne Bamford sem kom út árið 2011 kemur fram:

Námskrárnar voru ekki prufukeyrðar og hafa ekki verið endurskoðaðar. Einnig hér virðist ákveðið sambandsleysi á milli hins sveigjanlega viðhorfs sem liggur námskránni til grundvallar og upplifunar þeirra sem nota námskrána í kennslu; talað er um að námskráin setji skorður og stýri kennslunni um of. Skólarnir haldi því fram að skipan mála hjá þeim miðist við lög. Þeir sem ábyrgir eru fyrir námskránni segja hins vegar að „tónlistarskólarnir setja sér eigin reglur og takmarkanir...“

¹² Menntamálaráðuneytið, „Hlutverk og meginmarkmið tónlistarskóla,“ í Aðalnámskrá tónlistarskóla: Almennur hluti (Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, 2000) 13.

¹³ Menntamálaráðuneytið, „Hlutverk og meginmarkmið tónlistarskóla,“ 14.

¹⁴ „Stjórnarráðið,“ Stjórnarráð Íslands, sótt 20. október 2019, <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar/#Tab4>

Því er mikilvægt að námsskrárnar séu endurskoðaðar með þarfir nemendanna í huga.¹⁵ Í rannsóknarskýrslu Bamford kemur einnig fram að mikil áhersla er lögð á einkakennslu í íslenskum tónlistarskólum. Fyrirkomulag slíkrar kennslu er meistari/nemandi, bæði í hljóðfæraleik og söng. Þeir tónlistarskólastjórar sem valdir voru í rannsóknarúrtak telja 98% að einkakennslan sé æskileg á meðan 35% þeirra telja að hópkenntla sé frekar óæskileg. Bamford segir enn fremur að ástæða þessa niðurstaðna sé óskýr og rökin í andstöðu við fyrri reynslu og fyrirmyndir sem finnast t.d. í tónlistarkerfi Bretlands þar sem notast er við hópkenntlu fyrir börn á aldrinum 8-12 ára. Árangur slíkrar kennsluáferða hafa sýnt fram á góðan og jafnvel betri árangur en einkakennslan. Bamford tekur einnig fram að rannsaka þurfi árangur hópkenntlunnar og skoða viðhorf gagnvart henni á Íslandi. Kostnaðurinn við hópkenntluna getur dregist saman og er því kjörin svo lengi sem árangur og gæði kenntlunnar sé gætt.¹⁶

2.2 Nemendamiðað nám

Í gegnum aldirnar hefur tíðkast að kenna á hljóðfæri í einkatímum (e. one-to-one tuition). Í slíkri kennslu hefur kennarinn verið sá sem deilir úr viskubrunni sínum til nemandans. Nemandinn tekur upplýsingum kennarans sem hin rétta sannleik og fer eftir þeim leiðbeiningum. Píanónám var því kennaramiðað nám lengi framan af. Hlutverk tónlistarkennarans hefur breyst í takt við samfélagsbreytingar og tónlistarkennaramenntun hefur einnig þróast síðustu ár. Tónlistarkennaranám í dag nær yfir breiðara svið og er fjölbreyttara. Mikil áhersla er lögð á sköpun og nýjar nálganir. Nám í dag tekur mið af að þroska tónlistarlega hugsun fremur en að einblína á tækniþjálfun. Í Evrópu tíðkast það víða að notast við nemandamiðað nám. Slíkt nám tekur betur mið af námsvenjum nemandans ásamt persónuleika, hæfileikum og væntingum. Hlutverk kennarans er því að vera leiðbeinandi og hafa umsjón með náminu frekar en að vera stýrandi. Tónlistarkennarar starfa í opnara umhverfi í dag og takast á við fjölbreytt verkefni.

Í dag fer tónlistarnám ekki eingöngu fram í einkatímum með hljóðfærakennara heldur er hópkenntla og samkenntla orðin stærri hluti af tónlistarnámi. Nemendur vinna meira í hópum bæði á hljóðfærið sitt og til að þróa almenna tónlistarkunnáttu.¹⁷

¹⁵ Bamford, Anne, „Samvinna um stefnumörkun og námeftni,“ í *List og menningarfræðsla á Íslandi* (Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011) 27.

¹⁶ Bamford, Anne, „Tónlistarskólar,“ 49-50.

¹⁷ Polifonia Working Groups for Instrumental and Vocal Music Teacher training, „The Instrumental/Vocal Teaching Profession: Issues of Teaching and Learning (Brussel: AEC Publications, 2010), 37, 40-41.

2.3. Samvinnunám

Hugmyndin að mennirnir geti lært hver af öðrum er vel þekkt. Í formlegum aðstæðum er ætlast til að nemandinn læri það sem kennarinn kann nú þegar. Í óformlegum aðstæðum náms fær nemandinn aukið sjálfræði yfir hvað hann vill læra og hvernig. Áhugavert er að skoða samspil á milli þessa formlegu og óformlegu aðstæðna.

Þegar við tölum um samvinnunám erum við að vísa til þess þegar nemendur vinna saman í hóp að lausn viðfangsefnis. Með því að nota slíka kennsluaðferð getur það aukið samkennd og virðingu meðal nemendanna. Nemendur þurfa að taka tillit til skoðana annarra og geta myndað sínar eigin út frá mismunandi sjónarhornum í slíkri hópavinnu. Samvinnunám hefur bæði fræðileg og félagsleg markmið þegar nemendur vinna saman í hóp. Ábyrgðin dreifist jafnt yfir á alla hópmeðlimi og því er vinnuframlag háð hverjum og einum.¹⁸

Markmið samvinnunáms er að þroska félagslega og vitsmunalega leiðtogafærni. Samvinnunám er ein leið til að útskýra ferlið hvernig maður lærir að verða agaður í félagslegum aðstæðum. Jafningjamat tengist samvinnunámi þar sem nemandi þjálfast í að meta verk samnemenda sinna og lærir að vinna verkefnið í samvinnu við aðra jafningja. Nemandinn á einnig að geta lært af öðrum jafningjum með stuðningi og leiðsögn kennara.¹⁹

Árið 2008 notaðist kennarinn Don Lebler við jafningjanám í áfanga um vinsæla tónlist (e. popular music). Niðurstaðan var að meirihluti nemanda í slíkum áfanga, höfðu góða getu til að vinna saman. Mikið af verkefnum þessa sama áfanga voru þannig útfærð að leiðbeiningar og mötun upplýsinga frá kennaranum var ekki nauðsynleg heldur fengu nemendurnir frjálsar hendur til að takast á við verkefnið sjálf. Það var þá sem nemendur fóru virkilega að læra hver af öðrum þegar þeir tókust sameiginlega á við verkefnið.²⁰

Sjálfsmat, líkt og jafningjamat, er notað fyrir einstaklinga til að meta sjálfan sig á uppbyggilegan hátt. Notkun á slíku mati getur stuðlað að virku námi þar sem nemandinn tekur ábyrgð á eigin námi. Með því að nýta sér slíkt mat lærir nemandinn að þróa sig áfram og bæta árangur. Nemendur þurfa tíma og svigrúm til að tileinka sér sjálfsmat og jafningjamat og þjálfaga gagnrýna hugsun. Einnig þurfa nemendur að læra að vera sanngjarnir,

¹⁸ „Nám fullorðinna,“ Þórgunnur Stefánsdóttir, 26.mars 2016, <https://namfullorðinna.is/2016/03/20/samvinnunam-e-cooperative-learning/>.

¹⁹ Reid, Anna og Michael Duke, „Student for student: Peer learning in music higher education,“ *International Journal of Music Education*, nr. 33 (2015): 224, sótt 4.október 2019, doi: 10.1177/0255761415569107.

²⁰ Reid og Duke, „Student for student,“ 224.

geta fært rök fyrir skoðunum sínum og helst að koma með tillögur að lausnum eða úrbótum á uppbyggilegan hátt.²¹

²¹ Sigrún Björk Cortes, Björgvin Ívar Guðbrandsson, Margrét Hugadóttir og Torfi Hjartarson, *Skapandi skóli; Handbók um fjölbreytta kennsluhætti og stafræna miðluni* (Kópavogur: Menntamálastofnun, 2016), 96.

III. Samkenndsla á píanó

Það er staðreynd að píanóið er frábrugðið öðrum hljóðfærum. Hljóðfæri eins og flauta og fiðla myndu flokkast sem laglínu hljóðfæri. Eins og flest önnur laglínuhljóðfæri, eiga þau það sameiginlegt að hljóðfæraleikarinn getur haldið á því. Píanóið er laglínu og undirleiks hljóðfæri á sama tíma, og því er mögulega erfiðara að kenna slíka samhæfingu tveimur einstaklingum í einu.²² Nemandinn mætir ekki með sitt eigið hljóðfæri í tíma heldur þarf hann að aðlagast aðstæðum hverju sinni. Í hóptímum nemenda laglínuhljóðfæra mæta hljóðfæranemendur með hljóðfærin sín og allir hafa jafnan aðgang að hljóðfæri. Varðandi píanóhóptíma er alls ekki algengt að hver og einn píanónemi fái sitt hljóðfæri heldur þurfa þeir nemendur að deila og/eða skiptast á. Vegna sérstöðu píanósins með tilliti til samkenndslu sé nauðsynlegt að bjóða upp á þjálfun fyrir kennara í hópkenndslu líkt og gert hefur verið í Bretlandi og Bandaríkjunum.²³

3.1 Hlutverk og áskoranir hljóðfærakennara

Píanókennarar, sem og aðrir hljóðfærakennarar, móta og skipuleggja námið á einstaklingsmiðaðan hátt. Námið er einnig útfært með það í huga, hvernig tónlistarkennarinn geti haldið nemandanum áhugasömum svo hann hætti ekki. Það felst í starfi kennarans að viðhalda sér faglega, meta, skoða og endurskoða starfshætti sína og kennsluaðferðir.²⁴ Komið hefur verið til móts við starfandi tónlistarkennara í Bretlandi með því að bjóða upp á þjálfun í hópkenndslu vegna mikillar fjölgunar nemenda. Margir tónlistarskólar þar vilja geta boðið upp á stöðuga þjálfun, líkt og þá sem finnst innan veggja almenningskóla.²⁵ Janet Mills, höfundur bókarinnar „Instrumental Teaching“, telur að þó kennarar séu ríkir af reynslu þurfi þeir stöðugt að endurskoða kennsluaðferðir sínar og hvað sé best fyrir nemendur.²⁶

Vegna fjölgunar á píanónemendum í bandarískum almenningskólum var erfitt að finna kennara sem höfðu þekkingu og kunnáttu á báðum sviðum. Ekki eru allir kennarar tilbúnir að taka þátt í báðum kennsluaðferðum með góðum árangri, án þjálfunar. Þó að píanóleikari

²² Chiu, Pai-Yu, „A Comparative Evaluation of Group and Private Piano Instruction on the Musical Achievements of Young Beginners,“13-15.

²³ Mills, *Instrumental Teaching*, 192.

²⁴ Mills, *Instrumental Teaching*, 192.

²⁵ Mills, *Instrumental Teaching*, 191.

²⁶ Mills, *Instrumental Teaching*, 192-194.

geti kennt vel í einstaklingsmiðaðri kennslu þarf það ekki endilega að þýða að hann eða hún hafi þá eiginleika og hæfni að geta kennt á áhrifaríkan hátt í hópkenndu.²⁷

Tónlistarkennarar í Bretlandi hafa verið spurðir hver skoðun þeirra sé á hópkenndu. Þeir hafa t.d. sagt að hópkenndu opni dyr að annarri upplifun og skapi áhrifarík umhverfi. Nemendur verða sjálfir „kennarar“ við að fylgjast með öðrum í sömu sporum og gefst svigrúm til að þroskast í þá átt að nemendur gætu tekið meiri þátt í eigin kenndu.²⁸

Þegar kemur að því að raða nemendum saman í þör eða hópa þarf að hafa nokkur atriði í huga. Þeir David og Roger Johnson nýttu enska orðið „TEAM“ til að lýsa mikilvægustu atriðum þess að velja nemendur saman í hóp. T stendur fyrir tíma sem felur í sér takmarkið sem hver og einn hópur/par fær með kennara. E stendur fyrir „experience“ eða þá tónlistarreynslu sem nemandinn býr þegar yfir. A stendur fyrir aldur og M stendur fyrir „materials“ sem þýðist yfir á íslensku sem efni/viðfangsefni, en myndi túlkast sem námsefni í þessu samhengi. Einnig þarf að skoða hvert viðfangsefni hópsins/parsins verður og hvert er markmið þess.²⁹ Nemendur sem vinna í hóp búa yfir mismunandi eiginleikum og styrkleikum. Einn nemandinn sýnir framúrskarandi hæfni í blaðlestri á meðan annar er með gott tóneyra. Þannig geta allir lagt eitthvað af mörkum til hópkenndu og lært hver af öðrum.³⁰

3.2 Fjölbreytt kennslufyrirkomulag

Janet Mills, sem áður hefur verið talað um í þessari ritgerð, leggur til að skoða fjölbreyttar kennsluaðferðir og tækni þegar kemur að fyrirkomulagi hljóðfæratímanna. Þannig gætu hljóðfæratímarnir orðið áhugaverðari bæði fyrir kennara og nemendur og fallið betur að námsþörfum hvers og eins nemanda. Skoðun hennar er að gott sé að finna jafnvægi á einkakennslu- og hópkennduforminu, t.d. fyrir byrjendur. Margir foreldrar og kennarar hafa þá skoðun að einkakennslan sé áhrifaríkari en hópkenndu fyrir byrjendur en það er ekki endilega raunin,³¹ líkt og koma fram þegar OFSTED skoðaði gæði hópkenndu (sjá undirkafla 1.2.) Ein hugmynd Mills af kennslufyrirkomulagi væri að blanda saman hóp- og einkatímum en þó að mæta þörfum hvers og eins. Hún segir að lengd hljóðfæratímans þyrfti

²⁷ Chiu, Pai-Yu, „A Comparative Evaluation of Group and Private Piano Instruction on the Musical Achievements of Young Beginners,“ 35.

²⁸ Mills, *Instrumental Teaching*, 192-194.

²⁹ Fisher, „Cooperative Learning Theory and Group Piano Teaching,“ 57.

³⁰ Fisher, „Group Piano Teaching: An Introduction,“ 8.

³¹ Mills, *Instrumental Teaching*, 192.

ekki að aukast eftir því sem nemandinn yrði eldri eða reyndari, heldur þyrfti að vera sveigjanleiki í tónlistarskólakerfinu.³² Frances Clark, stofnandi New School for Music Study í Princeton, er einnig talsmaður þess að blanda saman einkakennsluforminu og samkennsluforminu. Hennar nálgun felst í því að kynnt sé námsefni og ný hugtök í hóptímum á meðan einkatímarnir eru notaðir til þess að endurskoða umfjöllunarefni hóptímans ásamt öðrum tækniæfingum.³³

³² Mills, *Instrumental Teaching*, 192-194.

³³ Fisher, „Group Piano Teaching: An Introduction,“ 6.

IV. Könnun á viðhorfi píanókennara á Íslandi

Til að undirbúa val á mögulegum viðmælendum, fyrir könnun á viðhorfi píanókennara til samkennslu, var fyrst sendur spurningalisti á alla tónlistarskólastjóra á stórhöfuðborgarsvæðinu þar sem kennt er á píanó (sjá viðhengi 1). Það var gert til þess að afla upplýsinga um fjölda nemenda, fjölda starfandi píanókennara en aðallega til þess að athuga hvort samkennsla væri notuð við píanókennslu. Spurningalisti var sendur á 16 tónlistarskóla og voru það níu skólastjórar sem svöruðu. Út frá svörum skólastjórnenda voru skólarnir flokkaðir eftir því hvort einkakennslan væri ríkjandi eða ekki. Samtals fjórir, af þeim níu tónlistarskólum af höfuðborgarsvæðinu sem svöruðu, nýta samkennsluformið. Næst voru viðmælendur valdir og reynt var að taka tillit til aldurs og reynslu. Úr viðtölunum komu í ljós nokkur lykilhugtök: félagslegt gildi, faglegar forsendur, virk hlustun og viðhorf gagnvart samkennslu. Önnur undirhugtök sem komu fram voru samkeppni nemendanna, hagsmunir kennslunnar, sparnaðarúrræði tónlistarskólanna og að samkennsla aftengdi ríkjandi venjur.

Tekin voru viðtöl við fjóra einstaklinga sem eiga það sameiginlegt að hafa verið starfandi píanókennarar á Íslandi undanfarin ár. Öll hafa þau starfað í tónlistarskólum á Reykjavíkarsvæðinu. Bakgrunnur þeirra er svipaður en eitt eiga þau sameiginlegt og það er að tónlistarnám þeirra fór fram í einkatímum. Þrír af fjórum viðmælendum kenna eingöngu í einkatímum en einn kennir aðallega samkennslu. Fyrri þrír hafa þó reynslu af að kenna samkennslu en þó einungis í stuttan tíma eða að hámarki eitt skólaár.

Stuðst var við aðferðafræði eigindlegra rannsókna þar sem spurningalisti var saminn. Með því að nota slíka rannsóknaraðferð, fæst betri skilningur og viðhorf viðmælandans varðandi ákveðin viðfangsefni.³⁴ Í öllum viðtölunum var stuðst við sama spurningalistann (sjá viðhengi 2). Viðtölin voru einstaklingsviðtöl, þau hljóðrituð og skráð orð fyrir orð. Nafnleyndar var gætt og voru viðmælendum gefin dulnefni Svala, Þóra, Katrín og Gísli. Í þessum kafla verður farið yfir helstu niðurstöður úr viðtölunum.

4.1 Ríkandi hefðir og viðhorf

Viðmælendur voru spurði hver ástæðan gæti verið fyrir því að fáir væru að nýta sér samkennsluformið. Svörin voru misjöfn en gáfu þó sama tóninn. Atriði eins og hræðsla við

³⁴ „Háskóli Íslands: Félagsvísindastofnun,“ Háskóli Íslands, 2014, <https://fel.hi.is/einstaklingsvidtol>.

að gera eitthvað nýtt kom fram í viðtölunum. Einnig að einkakennslan bjóði upp á þægilega kennslustund þar sem sú hefð er ríkjandi og þeim vel þekkjanleg.

Þóra, sem hefur mesta reynslu varðandi samkennslu, nefndi það í sínu viðtali að á Íslandi höfum við alist upp við þau forréttindi að þurfa ekki að deila kennslutímanum með öðrum nemendum. Hún sagði að kennarar og ef til vill sérstaklega foreldrar hafa haft áhyggjur þegar börnum þeirra er boðin samkennsla á píanó. Þær áhyggjur beinast að hæfni kennarans til að veita nemendum jafna athygli í samkennslunni.

Ein af niðurstöðunum úr viðtölunum gaf til kynna að ástæðan fyrir því að fáir væru að nýta sér samkennsluna mætti rekja til *viðhorfa* gagnvart henni. Katrín sagði í viðtalinu að það væri lítið um að kennarar væru beðnir um að taka samkennslu að sér og að þeir væru ekki endilega beðnir um að taka að sér slíka vinnu á *faglegum forsendum*. Hún bætir við:

Það hvílir svona sparnaðarslíkja yfir öllu tali um samkennslu og menn vilja ekki festa sig í slíku. Þeir séu orðnir einhvers konar sparnaðarúrræði. Það gefur af sér neikvæðan tón varðandi þessa leið sem er annars svo í takt við tímann að...já fólk það treystir ekki á að þetta sé á faglegum forsendum og að það sé verið einhvern veginn að...að nota það í Excel skjalinu.³⁵

Katrín nefndi að áður fyrr hafi samkennslan verið tabú og lítið var á þá sem nýttu sér hana með skömm. Þóra talaði einnig um að hún skynjaði neikvæðan tón og fordóma varðandi samkennslu þegar hún var að byrja að kenna og finnur jafnvel enn fyrir því. Að kenna tveimur nemendum væri eitthvað sem tíðkaðist einfaldlega ekki. Að hennar mati hefur fólk í gegnum tíðina haft fordóma gagnvart samkennslunni og þá sérstaklega á Íslandi. Í viðtalinu sagði Þóra frá reynslu sinni þegar hún bjó í Danmörku. Samstarfsfólki hennar þar fannst sjálfsagt að kenna tveimur og jafnvel þremur nemendum í einu.

4.2 Faglegur ávinningur samkennslu

Allir viðmælendurnir voru sammála um að kostir samkennslunnar væru nokkrir. Kostur þess að hlusta á aðra leika var ríkjandi í svörum viðmælenda. Reynsla Þóru sem samkennslukennara er, að þegar einn nemandi spilar, sé hægt að hvetja nemandann sem spilar ekki, til *virkrar hlustunar*. Hægt væri að virkja jafningjamat með því að fá hinn sama til að svara spurningum eins og „Hvernig fannst þér þetta spilað hjá henni/honum?“ og/eða „Hvað finnst þér að betur mætti fara í laginu hjá henni/honum?“. Svölu fannst virk hlustun ekki einungis snúast um að geta komið með uppbyggilega gagnrýni á samnemandann heldur

³⁵ Katrín, viðtal 17.október 2019

verður nemandinn sem situr og hlustar fljótari að meðtaka viðfangsefnið. Hún tók dæmi um þann þátt virkrar hlustunar:

. . . já og kannski líka ef þeir sjá að einn þeirra prófi eitthvað og hinn er að fylgjast með að þá verðu hann fljótari að ná því og það hefur sýnt sig ef maður sýnir þeim lagið eða bústinn þá eru þau fljótari að meðtaka heldur en ef þau setjast strax við sjálf og prófa. Við einmitt prófuðum þetta í blaðlestri að einn átti að byrja og svo næsti og næsti og þá var alltaf auðveldara eftir því sem á leið.³⁶

Virk hlustun gefur einnig færi fyrir nemandann sem hlustar, að koma með tillögu að úrbótum, ásamt því að þróa sínar skoðanir.

Annað sameiginlegt hugtak sem birtist í viðtölunum var samkeppni. Samkeppni á milli nemanda sem birtist bæði á jákvæðan og neikvæðan hátt. Jákvæða samkeppni gæti virkað sem hvatning á milli nemenda um að stunda tónlistarnám af kostgæfni ætli þeir sér að halda í við hinn samnemandann. Þóra nefndi að samkeppnin gæti virkað á neikvæðan hátt á sumu. Metingur og skömm geta fylgt því ef nemandinn nær ekki að halda í við hinn nemandann t.d. vegna fjarveru. Gísli hafði aftur á móti aðra skoðun þegar hann var spurður að því sama:

Eins og ég sagði áðan, að ég held að þetta sé örlítið ódýrara. Og svo ef maður er heppin að þá geta orðið vinir, gæti komið vinaleg samkeppni á milli nemenda sem er mjög góð hvatning, þannig ég myndi segja bæði aðeins ódýrara sem er kannski ekki stór factor og svo er séns á heilbrigði samkeppni á milli nemenda og jafnvel vinátta á milli nemenda sem er síður í einkatíma. Sem er náttúrulega bara mjög jákvætt.³⁷

Hann benti á kostina út frá hagsmunum tónlistarskólans og ávinningnum sem samkennslan hefur fram yfir einkakennsluna. Einn af kostunum að hans mati er *félagslegi* þátturinn þar sem heilbrigð samkeppni sé góð hvatning fyrir nemendur. Gísli telur einnig að samkennsla geti myndað vináttusamband sem gæti eftl félagsþroska og samkennd meðal nemenda.

4.3 Áskoranir samkennslunnar

Allir viðmælendurnir voru sammála um að það skiptir máli hvernig nemendur eru paraðir saman í samkennslu. Þau töldu mikilvægt að þeir séu á svipuðum aldri. Einnig kom fram að betra væri að sömu kyn væru saman í samkennslunni en það væri þó ekki nauðsynlegt. Byrjendur í öllu píanónámi eru yfirleitt á grunnskóla aldri og því þarf að passa að para nemendur saman sem eru á svipuðu stigi í grunnskóla. Þóra sagði:

³⁶ Svala, viðtal 7.október 2019

³⁷ Gísli, viðtal 9.október 2019

Það skiptir máli að þau séu á svipuðum aldri, af því þegar þau eru á ákveðnum aldri þá eru þau svo „complex-uð“ gagnvart aldri sérstaklega inn í grunnskólunum. T.d. þegar það er einhver minni, það er ekki alveg nógu gott og svona og það skiptir líka máli upp á námsþróunina eiginlega, hvernig því vindur fram. Það er ekki gott að hafa einn úr 7.bekk sem byrjandi með einhverjum í 1.bekk því þú sérð að námsframvindan verður örugglega hraðari hjá þessum í 7.bekk og þá er ég bara að tala um svona venjulegan nemanda og bæði fingraleiknin kemur hraðar og af því að þessi í 7.bekk er fluglæs á meðan þessi í 1.bekk er ekki búinn að læra að lesa, þá er erfitt kannski að lesa nóturnar hratt hvað þá að lesa fyrirmælin þegar hann er heima að æfa sig. Þannig það skiptir mjög miklu máli. Mér finnst það.³⁸

Til að jákvæðir þættir samkennslunnar fái að njóta sín, þarf að para saman nemendum þannig að báðir nemendurnir njóti góðs af. Því þarf við þá vinnu að taka tillit til námsþroska og persónuleika nemenda. Þegar Svala var í háskólanámi erlendis þar sem hún var í æfingakennslu, fékk hún tvo nemendur, eina stelpu og einn strákur til að kenna saman. Þetta hafði hún að segja:

Ég var þarna í Áarhus, og þá byrjaði ég einmitt að vera með tvo nemendur saman og mér fannst það rosalega erfitt af því þetta var... strákurinn var svo sjálfsöruggur, ánægður með sig á meðan stelpan var aðeins til baka skilurðu. Og hún þorði ekki að gera á eftir honum. En hún var alveg jafn klár en þetta er bara af því hún er stelpa og feimin og það endaði með því að ég splittaði þeim af því þetta bara.... það er mín reynsla af samkennslu.³⁹

Af þessu má sjá að munurinn á einstaklingunum sem um ræðir var of mikill til þess að samkennslan gæti komið að gagni. Gísla fannst betra ef sömu kyn væru saman í samkennslunni, það væri ekki skilyrði en taldi þó líklegra að samvinnan gengi upp. Eins og áður hefur komið fram, fannst honum félagslegi þáttur námsins skipta miklu máli og það sama kom fram í viðtalinu við Þóru og Katrínu. Þær sögðu að samkennslan gæfi náminu félagslegt gildi ef að þau væru saman í píanótímum. Tilbreyting frá einkakennsluforminu væri skemmtileg og víkkaði sjóndeildarhring kennarans varðandi kennslunálgun. Samkennslan aftengdi þær venjur og hefðir sem píanókennararnir sjálfir höfðu alist upp við og því þyrfti að útfæra kennsluna til að samræmast betur væntingum nemendanna.

Þrátt fyrir að viðmælendurnir hafi nefnt marga kosti samkennslunnar þá nefndu þau einnig áskorunina sem fylgir samkennslunni. Þóru fannst áskorun felast í því að halda utan um tímann og halda athygli og einbeitingu beggja nemanda allan tímann. Kennsluaðstaðan og umhverfið getur líka haft mikil áhrif. Píanókennarar eru í auknum mæli að kenna innan

³⁸ Þóra, viðtal 17.október 2019.

³⁹ Svala, viðtal 7.október 2019

veggja grunnskólanna og hjá Þóru er það engin undantekning. Þegar hún kennir í grunnskólum eða jafnvel frístundaheimilum þá finnst henni oft erfitt að halda athygli nemendanna þar sem utan að komandi áreiti geta truflað. Gísla fannst áskorunin einnig liggja í að halda athygli tveggja nemenda í einu sem hann upplifir ekki í einkatímum. Honum fannst hann þurfa að kunna réttu aðferðina til að geta haft stjórn á báðum nemendum og haldið einbeitingu þeirra. Katrín talaði um hræðsluna og viðhorf gagnvart þessari kennsluáðferð:

...mér finnst hún vera mest í kerfinu sjálfu og viðhorfunum til þessara svona...að maður brjóti upp það sem alltaf hefur ríkt og verið og það er svona, þessi kerfislega íhaldssemi og hræðsla. Að eitthvað verði verra ef menn stíga út fyrir hringinn og að umgjörðin er svo lítil að hún eiginlega heldur aftur að því á nánast allan máta að menn þrói þessa leið og þá með hliðsjón af þörfum nemenda og hvað gefur þeim mest því þar er ég algjörlega sannfærð um að samspil, samvinna, samstarf sé flestum og ef ekki öllum nemendum til hagsbóta af einhverju tagi en það er hvorki gert ráð fyrir því, það er ekki hvati, það er ekki...það er þetta viðhorf í þessu kennslusamfélagi sem mér finnst vera helsta áskorunin.⁴⁰

Katrín heldur áfram og nefnir að kennarar þurfi að þróa starfskenningar sínar og skoða nýjar kennsluleiðir, sem hún telur að sé lykilatriðið í að viðhalda faglegum þroska og starfsánægju sinni. Það sé ekkert sem mælir með því að maður bregði út frá vananum. Fólk reynir að vera í takt við tímann en það er allt sem heldur þeim í sjálfu sér frá þessu. Katrínu finnst vanta meiri umræðu um samkennslu. Umræðan í dag sé lituð af þeirri sýn að samkennslan eigi ekki við um tónlistarnám. Mikilvægt sé að svigrúm sé til staðar þannig ekki sé þrengt að kennurum sem vilja fara út fyrir einkakennsluformið. Katrín telur að við séum ekki komin þangað og leggur til að píanókennarar þurfi að þora að takast á við mismunandi aðferðir.

4.4 Samantekt

Í þessum undirkafla verða dregin saman lykilhugtök sem komu fram í viðtölunum og tengsl þeirra við ritgerðarspurningu þessarar ritgerðar, sem er „Hvert er viðhorf píanókennara til samkennslu?“.

Fyrst má nefna *félagsleg gildi* samkennslunnar, sem er einn af kostum slíks kennsluforms. Samvinna og samkeppni milli nemanda getur drifið nemendur áfram. Samkennslan brýtur upp þær venjur sem hafa verið við lýði í íslensku samfélagi og að sú tilbreytingin gæti verið góð fyrir bæði nemandann og kennarann. Sjóndeildarhringurinn víkkar, nálgunin verður önnur og námið gæti samræmst þörfum nemandans betur.

⁴⁰ Katrín, viðtal 17.október 2019.

Virk hlustun er mikilvæg sem einn af ávinningum samkennslunnar. Auðvitað er hægt að þjálfa upp virka hlustun í einkatímum en með samkennslunni er það gert á jafningjagrundvelli. Kennarinn þjálfar nemendur í beita gagnrýnni hugsun, þróa og treysta eigin skoðunum ásamt því að koma með úrlausnir og ráð tengda kennslunni. Virk hlustun getur einnig stuðlað að aukinni spilafærni nemandans við hljóðfærið. Eftir því sem nemandinn heyrir t.d. laglínuna oftar því auðveldara er það fyrir hann að læra hana.

Næsta lykilhugtak er *faglegar forsendur* samkennslunnar. Skipulag kerfisins og umgjörð hennar er það þröng að kennarar leggja ekki í að þróa sig áfram heldur halda sig í kerfislegri íhaldssemi. Það er ekkert sem ýtir við starfandi kennurum til að þróa sig áfram og líta í kringum sig hvað aðrir eru að gera. Kennarar treysta því ekki að samkennslan byggist á faglegum forsendum heldur sjá hana í ljósi sparnaðar fyrir tónlistarskólakerfið. Ástæða þess er viðhorf í kennslusamfélaginu sem er helsta áskorunin.

Viðhorf píanókennara gagnvart samkennslu hefur einkennst af neikvæðu viðhorfi í gegnum árin. Píanókennarar eru fastheldnir á það kennsluumhverfi sem þeir ólust sjálfir upp við og viðmælendur lýstu ótta við að fara út fyrir þægindarrammann. Um síðustu aldamót mátti ekki tala um orðið „hópkennsla“ þegar menn voru að nýta sér slíkt kennsluform. Næst fóru menn að breyta meðvitað um orð og notuðu orðið „samkennsla“ því að orðið hópkennsla var orðið tabú, og nánast litið á þá sem urðu uppvís að því að hafa notað slíka kennsluaðferð, með skömm. Til þess að opna augu tónlistarkennara fyrir samkennslunni þarf að opna umræðuna, og leyfa henni að fá aukið vægi innan tónlistarkennslunnar.

Lokaorð

Í tónlist, eins og svo mörgu öðru, er enginn einn heilagur sannleikur. Tónlist er hluti af listformi sem vex og dafnar. Það sem einum finnst vera rétt finnst öðrum vera rangt. Samkennsluformið býður upp á marga góða kosti. Eins og kom fram í viðtölunum þá liggur styrkleiki samkennslunnar í því að hún getur stuðlað að virkri hlustun, nýtt jákvæða samkeppni og eflt félagsþroska nemenda. Nemendur geta hlustað á aðra leika, numið án þess að vera að spila og þannig lært af hvor öðrum. Félagslegi eiginleiki kennsluformsins gerir nemendum kleift að þróa með sér samúð og samkennd, ásamt því að þróa eigin skoðanir, koma með uppbyggilega gagnrýni og koma með ráð og úrlausnir tengda kennslunni. Námið gæti samræmst betur væntingum nemandans, sjóndeildarhringur kennarans víkkar og venjur og hefðir aftengjast.

Fram kom í viðtölunum að ástæðan fyrir að píanókennarar eru ekki að nýta sér samkennsluformið er t.d. hræðsla, skortur á reynslu og lítið um íslenskan gagnagrunn sem hægt er að leita í. „Þægindi“ einkakennslunnar eru valin fram yfir áskoranir samkennslunnar ásamt þeirri staðreynd að einkakennsluformið er enn ríkjandi í píanókennslu á höfuðborgarsvæðinu. Hvetja þarf til samtals meðal píanókennara á Íslandi því umræða síðustu ára hefur verið lituð af neikvæðum tóni. Viðhorf píanókennara á Íslandi gagnvart samkennslunni eru þó alltaf að færast meira og meira í jákvæða átt, þ.e.a.s. fleiri eru tilbúnir til að gefa samkennsluforminu aukna athygli.

Í mínu hljóðfærakennaranámi finnst mér undirbúningur kennaranema á vettvangi vera góður, mætti þó vera meiri. Æfingakennsla hljóðfærakennaranema er tvíþætt. Fyrst fær neminn að fylgjast með kennslu og svo að kenna sjálfur. Þessi verklega reynsla er mjög mikilvæg að mínu mati og mér finnst erfitt að tileinka mér kennsluáðferðir ef ég fæ ekki að þreifa mig áfram í kennslu. Mögulega væri ávinningur í að tengja betur fræðin við verklega nálgun. Þau viðhorf sem ég hef upplifað, gagnvart samkennslunni, hafa einkennst af skorti á þekkingu. Einkakennslan, eins oft og hefur komið fram, er og var ríkjandi kennsluform. Hún er auðvitað frábært kennsluform sem hefur sína góðu kosti en samkennslan býr einnig yfir námslegum styrkleikum. Þegar ég spurði einu sinni hvort að ég ætti að kenna samkennslu þá var viðmælandi minn frekar undrandi að mér skyldi detta það í hug. Þau viðbrögð voru einn af drifkröftum þess að mig langaði að skrifa um þetta málefni í þessari ritgerð.

Helstu takmarkanir sem komu í ljós við gerð könnunarinnar er að þekking og reynsla er frekar lítil á Íslandi. Það eru ekki margir kennarar á höfuðborgarsvæðinu sem eru að kenna tveimur nemendum saman. Þegar viðmælendur könnunarinnar voru spurðir hvort að þeir væri tilbúnir að svara nokkrum spurningum tengdum samkennslu þá voru ekki allir með á hreinu hvað væri verið að meina. Viðmælendur úr viðtölunum töluðu um að það væri erfitt að taka „fyrsta skrefið“ og ætla að fara af stað með samkennslu þegar það var enginn gagnagrunnur til að leita í. Helstu fyrirmyndirnar eru samtímamenn í Bandaríkjunum og annars staðar frá Evrópu. Það má einnig segja að takmörkunin felist í umræðunni. Það hefur verið lítið talað um að breyta út af vananum.

Til að rýna dýpra í viðfangsefni ritgerðar gætu næstu skref verið að gera stærri könnun. Fara lengra en borgarmörkin og skoða hvað tónlistarkennarar út á landsbyggðinni eru að gera. Einnig væri möguleiki á að skoða viðhorf nágrannaþjóða okkar, t.d. Danmörk, Svíþjóð, Finnland, til samkennslu á grunnstigi píanónáms. Hvernig þau byggja upp sína kennslustundir og hvernig þau vinna áfram með þá byrjendur sem fá samkennslu í upphafi náms. Skoða hvernig árangurinn birtist og hver ávinningurinn gæti verið.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir:

Bamford, Anne. *List- og menningarfræðsla á Íslandi*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011.

Fisher, Christopher. *Teaching Piano in Groups*. Oxford: Oxford University Press, 2010.

Mills, Janet. *Instrumental Teaching*. Oxford: Oxford University Press, 2007.

Polifonia Working Group for Instrumental and Vocal Music Teacher training. *Instrumental and Vocal Teacher Education: European Perspectives*. Brussel: AEC Publication, 2010.

Sigrún Björk Cortes, Björgvin Ívar Guðbrandsson, Margrét Hugadóttir og Torfi Hjartarson. *Skapandi skóli; Handbók um fjölbreytta kennsluhætti og stafræna miðluni*. Kópavogur: Menntamálastofnun, 2016.

Vefheimildir:

Chiu, Pai-Yu. „A Comparative Evaluation of Group and Private Piano Instruction on the Musical Achievements of Young Beginners.” Doktorsritgerð, University of Washington, 2017. Sótt 30.september 2019.
<https://pdfs.semanticscholar.org/4782/131985cf7832320857b1c391edc974c263c7.pdf>

„Einstaklingsviðtöl.“ Háskóli Íslands: Félagsvísindastofnun. 2014. Sótt 17.nóvember 2019.
<https://fel.hi.is/einstaklingsvidtol>.

Eiríkur G. Stephenson. „Tónlistarkennsla á 21.öld: Hvernig hafa kennarar breytt starfsháttum sínum á nýjum tímum?“ Meistararitgerð, Háskólinn á Bifröst, 2016. Sótt 2.desember 2019. <http://hdl.handle.net/1946/26779>.

„Nám fullorðinna.“ Þórgunnur Stefánsdóttir. 26.mars 2016. Sótt 20.nóvember 2019.
<https://namfullordinna.is/2016/03/20/samvinnunam-e-cooperative-learning/>.

„Námskrár.“ Stjórnarráð Íslands. Sótt 20.október 2019. Sótt 17.nóvember 2019.
<https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar/#Tab4>.

Reid, Anna, Michael Duke. „Student for student: Peer

learning in music higher education,“ *International Journal of Music Education* 33, (2015): 222-232. Sótt 4.október 2019, doi: 10.1177/0255761415569107.

Óútgefnar heimildir:

Félag tónlistarskólakennara. „Greining Félags tónlistarskólakennara á kerfi tónlistarskóla á Íslandi.“ Óútgefin skýrsla, 2009. Microsoft Word-skrá.

Viðtöl:

Gísli Jónsson. Viðtal höfundar við Gísla Jónsson um viðhorf gagnvart samkennslu, tekið 9.október 2019.

Katrín Jónsdóttir. Viðtal höfundar við Katrínu Jónsdóttur um viðhorf gagnvart samkennslu, tekið 17.október 2019.

Svala Jónsdóttir. Viðtal höfundar við Svölu Jónsdóttur um viðhorf gagnvart samkennslu, tekið 7. október 2019.

Þóra Jónsdóttir. Viðtal höfundar við Þóru Jónsdóttur um viðhorf gagnvart samkennslu, tekið 17.október 2019.

Viðauki 1

Spurningalisti fyrir skólastjóra tónlistarskólanna.

1. Hversu margir píanónemendur stunda nám við tónlistarskólann?
2. Hversu margir píanókennarar starfa við skólann?
3. Eru allir píanónemendur á grunnstigi í einkatímum á hljóðfærið?

Ef svarið er já:

- a. Hefur samkensla á píanó á einhverjum tímapunkti verið stunduð við skólann?

Ef svarið er nei:

- b. Hve margir nemendur við upphaf námsins eða í grunnstigi eru í samkenslu þar sem tveir nemendur deila kennslustund vikulega?
4. Hve margir píanókennarar við skólann kenna nemendum í samkenslu?

Viðauki 2

Spurningalisti fyrir viðmælendur viðhorfskönnunarinnar.

1. Hvað hefur þú starfað í mörg ár við píanókennslu?
2. Við hvaða tónlistarskóla hefur þú kennt?
3. Hvernig hefur sú kennsla aðalega farið fram?
4. Hefur þú kennt í hóptímum/haldið masterklassa?
5. Hefur þú kennt byrjendum í samkennslu eða hefur þú verið beðin um að kenna byrjendum í samkennslu?
 - a. Ef svo hvernig hefur hún farið fram?
 - b. Hvernig finnst þér að nota slíka kennsluaðferð?
 - c. Værir þú til í að nota hana meira/minna/sleppa/eingöngu?
6. Hver er þín skoðun á samkennslu þar sem tveir nemendur vinna saman reglulega yfir veturinn?
7. Skiptir máli hvernig nemendum er parað saman í samkennsluna?
 - a. Ef svarað er já, af hverju skiptir það máli?
 - b. Ef svarað er nei, af hverju skiptir það ekki máli?
8. Hver finnst þér vera helsta áskorunin við að kenna fleiri en einum einstaklingi í einu?
9. Að þínu mati, hverjir eru kostir þess að nýta sér samkennsluformið?
10. Hver telur þú að gæti verið ástæða þess að fáir séu að nýta sér samkennsluformið?
11. Hefur þú aðrar hugleiðingar/skoðanir sem þú vilt koma á framfæri tengda samkennslunni?